

35. gr.

Brot gegn geglugjörð þessari varða 5—100 kr. sektum, er allar renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

Með mál sem rísa út af reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

36. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugjörð fyrir Strandasýslu frá 15. desbr. 1914.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 8. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans

Oddur Hermannsson.

Vígfús Einarsson,

Reglur

um afnot af eignum Isafjarðar og gjöld fyrir þau o. fl.

I. KAFLI.

Um notkun vatnsveitu og sölu vatns.

1. gr.

Vatnsnefnd hefir umsjón með vatnsveitu bæjarins og vatnssölu, svo sem segir í samþykkt um stjórn bæjarmálefna.

2. gr.

Eigi má leggja vatnsæð úr vatnsveitunni án leyfis vatnsnefndar. — Nema sérstaklega sé um samið, má eigi nota vatnsveituna til annars en heimilisþarfa bæjarmanna og atvinnureksturs. Þó getur vatnsnefnd með samþykki bæjarstjórnar bannað afnot vatnsveitunnar til atvinnureksturs.

74
8. ágúst

3. gr.

Skip, sem á heimili utanbæjar greiði 4 kr. fyrir hverja smálest vatns, er það tekur.

4. gr.

Eftir tillögum vatnsnefndar skipar bæjarstjórn menn, er hafi á hendi vatnssölu bæjarins og hlíta þeir fyrir mælum vatnsnefndar. Gjaldið innheimta þeir gegn 60 aurum af löglest í ómakslaun, og gera bæjargjaldkera skil fyrir hvern ársfjórðung.

II. KAFLI.

Um grjót- malar- og sandnám.

5. gr.

Fasteignanefnd hefir umsjón með grjót-, malar- og sandnámi og skal leyfis til þess eitað til hennar.

1

6. gr.

Allir, sem ætla sér að fá leyfi til þess að taka upp grjót, mól eða sand í landi bæjarins, skulu leysa til þess heimildarbrjef hjá oddvita bæjarstjórnar. Heimildarbrjef hljóðar á nafn og gildir til grjótnáms í 3 mánuði, en til malar- og sandnáms í 1 mánuð frá útgáfudegi, og afhendist gegn 2 kr. gjaldi til bæjarsjóðs.

7. gr.

Fyrir hvern teningsfaðm af grjóti, sem tekinn er upp í landi bæjarins skal gjalda 5 krónur, en fyrir hverja Kerru af sandi og mól 25 aura og renna gjöld þessi í bæjarsjóð.

III. KAFLI.

Um skelfiskstöku.

8. gr.

Allir, sem stunda vilja skelfiskstöku í landhelgi bæjarlandsins skulu leysa til þess heimildarbrjef hjá oddvita bæjarstjórnar, er veitir leyfið með ráði fasteignanefndar. Heimildarbrjef hljóðar á nafn og gildir fyrir eins árs veiðitíma og er látið af hendi gegn 15 kr. gjaldi í bæjarsjóð.

IV. KAFLI.

Um uppsátur skipa.

9. gr.

Hver, sem nota vill land bæjarins til uppsáturs fyrir skip skal leita þar til leyfis oddvita bæjarstjórnar, sem veitir leyfið, ef ástæða er til, með ráði fasteignanefndar. Leyfishafi skal leysa heimildarbrjef til uppsátursins hjá oddvita, gegn 2 króna gjaldi í bæjarsjóð.

10. gr.

74
8. ágúst

Fyrir uppsátur skipa skal goldið til bæjarsjóðs um leið og heimildarbrjef er læyst, fyrir skip, sem eru að brutto stærð

yfir 5 til 10 smálestir	10 krónur
— 10 - 20 —	20 —
— 20 smálestir	35 —

Auk þessa gjalds, greiðist í bæjarsjóð fyrir skip, sem eru

yfir 5 til 10 smálestir	2 krónur
— 10 - 20 —	3 —
— 20 smálestir	5 —

um mánuð hvern eða brot úr mánuði, sem skipið stendur uppi fram yfir 3 mánuði, og falla gjöld þessi í gjalddaga við lok hvers mánaðar.

V. KAFLI.

Um hagbeit, upprekstur, fjallskil, fjárböðun o. fl.

11. gr.

Bæjarbúum er heimil beit fyrir skepnur þær, er þeir sjálfir eiga, í landareign bæjarins, og skal hagbeitartollurinn vera fyrir hverja skepnu, sem slept er á landi bæjarins, sem hér segir:

1. Fyrir hesta eldri en veturgamla: 30 kr. fyrir reiðhesta, 20 kr. fyrir tryppi og 15 kr. fyrir vagnhesta.
2. Fyrir nautgripi, veturgamla eða eldri, 10 kr.
3. Fyrir sauðfje og geitur, að lömbum og kiðum undanskildum, 60 aurar.

12. gr.

Allur geldur sauð- og geitfjenaður skal rekinn burt úr heimalandi bæjarins í síðasta lagi fyrir Jónsmessu ár hvert. Fasteignanefnd hefir umsjón með því að uppreksturinn sje framkvæmdur og getur hún látið annast uppreksturinn á kostnað fjáreigenda, hafi þeir eigi 5 dögum fyrir Jónsmessu tilkynt oddvita heunnar, að þeir hafi annast hana sjálfir.

Fasteignanefnd sjer og um að almenn böðun á fjenaði bæjarmanna sje framkvæmd fyrir nóvembermánaðarlok ár hvert, svo og um fjallskil og grenjaleitir.

Kostnaði við fjallskil, upprekstur, refaeyðingu og fjárböðun eða umsjón með þessu, skal jafnað niður á fjáreigendur eftir fjártölu.

13. gr.

Fyrir ágústmánaðarlok ár hvert skulu allir skepnueigendur senda fasteignanefnd skýrslu um pening þann, sem samkvæmt framangreindum reglum er gjaldskyldur.

Nú verður einhver uppvis að því, að hafa gefið ranga skýrslu og greiði hann þá þrefalt gjald fyrir þann pening, sem undan er dreginn.

14. gr.

Gjalddagi á gjöldum þeim, sem ræðir um í 11. gr., er 30. september ár hvert, og

74 skulu þau innheimt af bæjargjaldkera sem önnur bæjargjöld. Sama máli gegnir um niðurjöfn-
8. ágúst unargjöld samkvæmt 12. gr., er falla í gjalddaga undir eins og þeim hefur verið jafnað niður.

VI. KAFLI.

Um mótak og slægjur.

15. gr.

Allir þeir, sem taka vilja upp mó eða heyja í landi bæjarins skulu leita leyfis fasteignanefndar, er veitir leyfi gegn 50 auru gjaldi til bæjarsjóðs fyrir hvern ferfaðm til móskurðar og 50 auru gjaldi fyrir hvern hestburð af þurru heyi.

Fasteignanefnd hefur umsjón með mótaki og slægjum og skipar umsjónarmann til þess, ef þörf þykir. Hún ákveður hvort leyst skuli heimildarbrjef hjá oddvita fyrir móskurðar og slægna afnotum, gegn 2 kr. gjaldi til bæjarsjóðs.

VII. KAFLI.

16. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglum þessum, má taka lögtaki.

17. gr.

Brot á reglum þessum varða sektum frá 10—500 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með reglum þessum eru úr gildi numdar reglur um hagbeit, upprekstur og fjallskil o. fl. í Ísafjarðarkaupstað 14. september 1896 og reglur um notkun vatnsveitu og sölu vatns á Ísafirði 12. desember 1910, ásamt öllum síðari viðaukum, og öll önnur ákvæði er koma í bága við þær.

19. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Reglur þessar, sem bæjarstjórnin í Ísafjarðarkaupstað hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, staðfestast hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 8. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigdís Einarsson.